

## Atvinnuveganefnd Alþingis

Húnaþingi vestra, 7. maí 2024  
Mál nr. 2405009 U.V.H.

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um lagareldi 930. mál.

Á 1213. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra sem haldinn var þann 13. maí 2024 var umsagnarbeiðni atvinnuveganefndar um frumvarp til laga um lagareldi, 930. mál, tekin fyrir. Svohljóðandi var bókað:

*Lögð fram beiðni atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn um frumvarp til laga um lagareldi, 930. mál. Umsögn byggðarráðs er svohljóðandi:*

*Byggðarráð fagnar því að nú sé sett fram heildstæð löggjöf um lagareldi. Einkum vill ráðið fagna því að friðunarsvæði til verndar villtum laxi eru færð í lög (7. gr.).*

*Markmið frumvarpsins sem hér er lagt fram er að skapa skilyrði til sjálfbærrar uppbyggingar lagareldis og efla þannig verðmætasköpun, atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu lagareldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Markmiðið í sjálfu sér er góðra gjalda vert. Hins vegar er það mat ráðsins að lengra þurfi að ganga en gert er í frumvarpinu til að tryggja að markmið þess nái fram að ganga, einkum til verndunar villtra nytjastofna. Vill ráðið gera eftirfarandi athugasemdir:*

### **Ótímabundið rekstrarleyfi**

*Ráðið gerir alvarlegar athugasemdir við að rekstrarleyfi verði ótímabundin líkt og fram kemur í 33. gr. Eðlilegt er að leyfi sem þessi séu gefin út til ákveðins árafjölda í senn. Við endurnýjun leyfis þurfi lagareldisfyrirtæki að fara í gegnum leyfisveitingaferlið að nýju sem gefur tækifæri til grandskoðunar á starfsemi sem að mati ráðsins er nauðsynlegt til að auka líkur á að markmið frumvarpsins náist. Þó að í frumvarpinu séu settar fram heimildir til afturköllunar leyfa þá er slík aðgerð afar íþyngjandi, tímafrek og krefst mikils eftirlits. Vandséð er að núverandi eftirlitskerfi hefði burði til slíkra aðgerða.*

### **Kostnaður vegna leitar og veiða á strokulaxi**

*Ítarlega er fjallað um aðgerðir til að koma í veg fyrir og bregðast við stroki úr sjókvíum enda ljóst að ómögulegt er að koma í veg fyrir slysasleppingar. Í 45. gr. er fjallað um leit og veiði í veiðiám eða vötnum við strok. Þar kemur fram að allan kostnað Matvælastofnunar og annarra stjórnvalda vegna nauðsynlegra aðgerða skuli rekstrarleyfishafi greiða. Byggðarráð leggur áherslu á að í þessa grein verði bætt við að rekstrarleyfishafi skuli jafnframt greiða veiðifélögum/veiðiréttarhöfum þann kostnað sem til fellur við leit/veiðar á strokulaxi. Í þeirri stórfelldu slysasleppingu sem upp kom haustið 2023 reyndist sá kostnaður umtalsverður.*

### **Kynþroska lax**

*Í XI. kafla laganna er fjallað um kynþroska eldislax og takmarkanir ræktunar hans og aðgerðir til að seinka kynþroska. Í ljósi þeirrar slysasleppingar sem átti sér stað sl. haust og leiddi til umtalsverðrar göngu kynþroska eldislaxs í verðmætar laxveiðiár vill byggðarráð leggja ríka áherslu á að sett verði*

ákvæði í frumvarpið þess efnis að innan 10 ára verði óheimilt með öllu að rækta frjóan lax. Með því má minnka til muna þá áhættu sem af eldinu stafar gagnvart villta laxastofninum.

Á 371. fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra sem haldinn var þann 14. september 2023 var svohljóðandi bókað í kjölfar stórfelldrar slysasleppingar í Patreksfirði:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra lýsir yfir þungum áhyggjum af þeirri stöðu sem upp er komin í húnvetnskum laxveiðiám þar sem veiðst hafa allmargir eldisfiskar á undanförunum dögum og vikum. Í fyrsta lagi veldur þessi staða áhyggjum hvað varðar erfðablöndun við villta laxveiðistofninn eins og margoft hefur verið ítrekað á síðustu árum. Í öðru lagi er áhætta vegna smitsjúkdóma alltaf fyrir hendi og ef slíkir sjúkdómar breiðast út í stofn viðkomandi ár getur það gert út af við ána á stuttum tíma. Í þriðja og síðasta lagi hefur þessi alvarlega staða mikil áhrif á ímynd og gæði þeirra villtu laxveiðiáa sem fyrir þessu verða. Allir þessir þættir geta valdið miklum búsifjum með tilheyrandi tekjufalli landeigenda og samfélags. Sveitarstjórn Húnaþings vestra skorar á matvælaráðherra að beita þeim valdheimildum sem hann hefur í gegnum undirstofnanir sínar til að tryggja að fiskeldisfyrirtækin greiði kostnað vegna mótvægisáðgerða sem veiðifélögin neyðast til að fara í til að verjast strokulaxi úr opnum sjókvíum.“

Ástæða er til að ítreka ofangreinda bókun.

Ofangreint tilkynnist hér með.

Byggðarráð áskilur sér rétt til umsagnar um málið á seinni stigum og lýsir sig tilbúið til samtals við atvinnuveganefnd um málið.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri.